

Í KJÖLFAR KJARASAMNINGA

LAUNAPRÓUN 2006 - 2015




SKÝRSLA HEILDARSAMTAKA
VINNUMARKAÐARINS
JÚLÍ 2016

Í KJÖLFAR KJARASAMNINGA

Launapróun 2006–2015

**Kaupmáttur
launa
2000-2015**



Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
1.1	Mánaðarleg launavísitala	5
1.2	Vísitala launa – Starfsmenn á almennum vinnumarkaði og opinberir starfsmenn	6
2	Fern heildarsamtök og þrenn samtök vinnuveitenda	8
2.1	Kjarasamningar 2015 og 2016	8
2.2	Launaþróun og launamyndun 2006-2015	12
2.2.1	Launamyndun	14
2.2.2	Launaþróun einstakra heildarsamtaka og samningssviða 2006-2015	17
2.2.3	Launaþróun karla og kvenna 2006 - 2015	20
2.3	Launabreyting og launadreifing 2013-2015	22
2.3.1	Dreifing launabreytinga frá nóvember 2014 til jafnlengdar 2015	23
2.3.2	Launadreifing í nóvember 2015	30
2.3.3	Þróun launadreifingar 2008-2015	32
3	Verðbólga og kaupmáttarþróun	34
3.1	Vísitala neysluverðs	34
3.2	Þróun kaupmáttar	36
3.2.1	Kaupmáttur- Launavísitala	36
3.2.2	Kaupmáttur- fern heildarsamtök launafólks, þrjú meginviðsemjendur	37
4	Launaþróun 2008-2014 eftir atvinnugreinum, viðfangsefnum og starfsstéttum	42
4.1	Launaþróun á almennum markaði eftir atvinnugreinum og starfsstéttum	42
4.2	Launaþróun hjá ríkinu eftir viðfangsefni og starfsstéttum	45
4.3	Launaþróun hjá sveitarfélögum eftir viðfangsefni og starfsstéttum	47
5	Viðauki	50
5.1	Yfirlit yfir samningsbundnar launahækkningar frá 2007	50
5.2	Dreifing reglulegra launa í september 2014	56
5.3	Launaþróun eftir atvinnugreinum, viðfangsefnum og starfsstéttum	59

Formáli

Þessi skýrsla er samstarfsverkefni þeirra samtaka sem aðild eiga að Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Að henni komu hagfræðingar viðkomandi samtaka. Sigurður Snævarr hagfræðingur var ráðinn til að afla gagna, vinna úr þeim og skrifa skýrsluna.

Hagstofa Íslands lagði til gögn um launaþróun og ber hér að þakka þeim Margréti K. Indriðadóttur og Margréti Völu Gylfadóttur sérstaklega fyrir veitta aðstoð.


1 Inngangur

Helstu aðilar á vinnumarkaði stofnuðu Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga, oft skammstafað Salek, árið 2013. Markmiðið með starfi nefndarinnar er að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra. Í október 2013 og aftur í febrúar 2015 stóð nefndin að útgáfum rita sem báru heitið Í aðdraganda kjarasamninga. Efnahagsumhverfi og launaþróun. Rit þessi voru liðir í undirbúningi kjarasamninga sem í vændum voru við útgáfu þeirra, eins og nafnið ber með sér. Í þeim var annars vegar farið yfir launaþróun undanfarinna ára en hins vegar lýst lykilþáttum efnahagsmála og horfum til næstu ára.


Í þessu riti, í kjölfar kjarasamninga, er fjallað um launaþróunina frá 2006 til 2015. Efnistöð eru með svipuðum hætti og í fyrri skýrslum og efni skipað með viðlíka hætti og í þeim.

1.1 Mánaðarleg launavísitala

Hagstofa Íslands birtir mánaðarlega launavísitölu sem tekur til alls vinnumarkaðarins, að starfsmönnum í fiskveiðum og landbúnaði undanskildum. Vísitalan er byggð á öllu launasafni Hagstofunnar og tekur þannig einnig til hópa sem ekki eru í stéttarfélögum og stéttarfélagum (t.d. hjúkrunarfræðinga, lækna og starfsmanna fjármálafyrirtækja) sem ekki eiga aðild að þeim heildarsamtökum sem fjallað er um í þessari skýrslu. Laun starfsmanna á almennum vinnumarkaði vege rösklega 72% í vísitölunni og starfsmenn ríkis og sveitarfélaga tæplega 28% og hafa þessi hlutföll verið lítt breytt undanfarin ár. Mynd 1 sýnir vægi heildarsamtakanna og annarra í launavísitölunni í heild og þar kemur fram að heildarsamtökin vege tæplega 70% í henni. Mynd 2 sýnir með sama hætti vægi samtakanna í launavísitölu á almenna markaðnum.




Mynd 1. Vægi einstakra heildarsamtaka og annarra í launavísitölu í heild.



Mynd 2. Vægi einstakra heildarsamtaka og annarra í launavísitölu á almennum markaði.

Launavísitalan er byggð á þöruðum samanburði, þ.e. samanburði á launum sömu einstaklinga í sömu störfum hjá sömu fyrirtækjum milli tveggja samliggjandi mánaða. Launavísitalan tekur bæði til fullvinnandi og hlutastarfsfólks. Að þessu leyti er vísitalan skilgreind með öðrum hætti en þær upplýsingar um þróun launa fólks sem á aðild að heildarsamtökum launafólks sem um er fjallað í þessari greinargerð, en þar er eingöngu miðað við laun fullvinnandi fólks. Launavísitölunni er ætlað að endurspeglar almenna launaþróun í landinu.

Til samræmis við greiningu á launum eftir heildarsamtökunum er í þessari umfjöllun um launavísitöluna í mynd 3 miðað við nóvember gildi frá 2006.




Mynd 3. Launavísitala og ársbreytingar


Á níu árum, frá nóvember 2006 til nóvember 2015, hefur launavísitalan hækkað um 78,6% eða um 6,7% á ári. Myndin sýnir að stígandi hefur verið í ársbreytingum undanfarin fjögur ár, þær voru 5% árið 2013 og loks 8,7% a tólf mánuðum frá nóvember 2014.

1.2 Vísitala launa – Starfsmenn á almennum vinnumarkaði og opinberir starfsmenn

Ársfjórðungslega birtir Hagstofa sundurliðun á launum milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Opinberum starfsmönnum er einnig skipt milli ríkis og sveitarfélaga. Vægi starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í launavísitölunni er byggð á heildarlaunum hvors hóps um sig árið áður. Myndir 4 og 5 sýna vægi heildarsamtaka og annarra í launavísitölu ríkis og sveitarfélaga.




Mynd 4. Vægi heildarsamtaka og annarra í launavísitölu ríkisins.




Mynd 5. Vægi heildarsamtaka og annarra í launavísitölu sveitarfélaga.

Sveitarfélögin vega um 13% í launavísitölunni og ríkið tæplega 15%. Verkefni hafa verið færð frá ríki til sveitarfélaga á undanförunum árum. Þer þar hæst yfirfærsla málefna fatlaðra árið 2011. Vægi sveitarfélaganna hefur farið vaxandi í vísitölunni undanfarin ár af þessum sökum.

Þegar litið er til alls tímabilsins frá 2006 til 2015 eins og á mynd 6 þar sem horft er til 4. ársfjórðungs hvers árs blasir við hverfandi munur á launahækkunum milli almenna geirans annars vegar og þess opinbera hins vegar.



Mynd 6. Launþróun á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum. 4. ársfjórðungur 2006 = 100



Mynd 7. Breyting launa frá fyrra ári á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum

2 Fern heildarsamtök og þrenn samtök vinnuveitenda

Þeir aðilar sem að þessu riti standa hafa gert samning við Hagstofu Íslands um greiningu á laun-um og launaþróun félagsmanna í aðildarfélögum heildarsamtakanna fjögurra og viðsemjenda þeirra. Greiningin er byggð á launagögnum Hagstofunnar. Allar upplýsingar um laun og þróun þeirra eru frá Hagstofunni og því óþarft að geta heimilda við hvert línurit eða hverja töflu.

2.1 Kjarasamningar 2015 og 2016

Í þessari samantekt er farið yfir meginatriði kjarasamninga milli þeirra fernu heildarsamtaka launamanna og þriggja viðsemjenda þeirra sem skýrsla þessi tekur til. Í þessari afmörkun felst að ekki er fjallað um samninga samtaka eða félaga launamanna sem standa utan við heildarsamtökin. Með sama hætti eru samningar stéttarfélaga og einstakra fyrirtækja, s.s. stóriðju-, orku-, eða samgöngufyrirtæki, undanskildir.

Kjarasamningar ASÍ og SA

Kjarasamningar milli aðildarfélaga ASÍ (SGS, VR, LÍV o.fl.) og SA voru gerðir 29. maí 2015. Gildistími samninganna er til ársloka 2018, eða til þriggja og hálfis árs. Lágmarkstekju-trygging hækkar um 86 þúsund krónur á samningstímanum og fer í 245 þúsund krónur á mánuði við gildistöku samningsins og 300 þúsund krónur á mánuði frá og með maí 2018.

Dagsetning	Hækkun	Skýring
1. maí 2015	25 þús.kr. hækkun launataxta. Launaþróunartrygging 3,2%-7,2%	Almenn hækkun launataxta 7,2% launaþróunartrygging á laun 300 þús.kr. eða lægri. Fer stíglækkandi, þó ekki lægri en 3,2% á laun 750 þús. kr og hærri. Frá grunnhækkun dregst önnur hækkun launa eftir 1. febrúar 2014.
1. maí 2016	5,5% launaþróunartrygging, að lágmarki 15 þús.kr.	5,5% launaþróunartrygging að lágmarki 15 þús.kr. að frádreginni annarri hækkun á tímabilinu 2. maí 2015-30. apríl 2016
1. maí 2017	4,5% hækkun launataxta. 3% almenn hækkun	Almenn hækkun launataxta Almenn launahækkun.
1. maí 2018	3% hækkun launataxta 2% almenn hækkun	Almenn hækkun launataxta Almenn launahækkun

Samningurinn hvílir á þremur meginforsendum; að kaupmáttur aukist á samningstímanum, að launastefna hans verði stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamninga og að fullar efndir verði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Yfirlýsingin felur m.a. í sér að ríkisstjórnin beiti sér fyrir byggingu 2.300 félagslegra íbúða, aðgerðum fyrir leigjendur og að auka samstarf við aðila vinnumarkaðar með stofnun þjóðhagsráðs. Forsendur þessar skal meta í febrúar ár hvert. Forsendunefnd komst að þeirri niðurstöðu að forsendur hefðu staðist í febrúar sl. Í kjölfar þessa samnings skrifuðu sex landssambönd iðnaðarmanna undirrituðu kjarasamninga við SA og var það gert í lok júní.

Í lok október 2015 var skrifað undir rammasamkomulag á vinnumarkaði, sk. Salek samkomulag. Að því stóðu ASÍ, SA, BSRB, ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. BHM og KÍ völdu að standa utan þess samkomulags. Samkomulagið felur á einn bóginn í sér fyrirheit um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga og á hinn bóginn felst í því mörkun launastefnu til ársloka 2018 og samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna markaðarins og hins opinbera.

ASÍ og SA undirrituðu kjarasamning 21. janúar 2016. Byggir hann á Rammasamkomulagi frá 27. október sl. og bókun með kjarasamningum SA og aðildarfélaga ASÍ um jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Launaþróunartrygging, sem átti að koma til framkvæmda 1. maí 2016, fellur brott. Í stað hennar kemur 6,2% almenn launahækkun þann 1. janúar 2016. Auk þess sem gerðar voru breytingar á almennum launahækkunum þann 1. maí 2017 og 1. maí 2018.

Dagsetning	Hækkun	Skýring
1. jan. 2016	6,2%, að lágmarki 15 þús.kr. á tímabilinu 2.maí-31.des 2015	
1. maí 2017	4,5%	Almenn launahækkun.
1. maí 2018	3%	Almenn launahækkun.

Auk ákvæða um launahækkanir fól samningurinn í sér ákvæði um að iðgjöld launagreiðenda í lífeyrissjóði muni hækka í áföngum úr 8% í 11,5% fram til 1. júlí 2018

Kjarasamningar ASÍ og ríkisins

Samninganefnd ríkisins gerði kjarasamninga við Starfsgreinasambandið, Flóabandalagið, Hlífo.fl. 7. október með gildistíma frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019 og renna því úr gildi fjórum mánuðum síðar en fyrrnefndir samningar á almennum markaði. Lágmarkstekjutrygging fer í 245 þúsund krónur á mánuði við gildistöku samningsins og 300 þúsund krónur á mánuði frá og með 1. júní 2018.

Dagsetning	Hækkun	Skýring
1. maí 2015	25 þús.kr. hækkun launa.	Almenn hækkun launataxta
1. júní 2016	5,5% hækkun launa, lágmark 15 þús.kr.	Almenn launahækkun.
1. júní 2017	4,5%	
1. júní 2018	3%	
1. feb. 2019	45 þús.kr.	Eingreiðsla m.v. fullt starf.

Samiðn og RSÍ gerðu samninga við ríkið þann 13. nóvember 2015 með sama gildistíma og viðlíka launahækkunum.

Kjarasamningar sveitarfélaga og ASÍ og BSRB¹

Kjarasamningar Sambands sveitarfélaga og fjölmargra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ voru gerðir 20. nóvember. Gilda þeir frá 1. maí 2015 til marsloka 2019. Lágmarkstekjutrygging fer í 245 þúsund krónur á mánuði við gildistöku samningsins og 300 þúsund krónur á mánuði frá og með 1. júní 2018.

Dagsetning	Hækkun	Skýring
1. maí 2015	25 þús.kr. hækkun að lágmarki 7,7%	
1. júní 2016	15 þús.kr. hækkun að lágmarki 5,5%	
1. júní 2017	2,5% 1,7%	Almenn launahækkun. Jöfnun á launabilum í töflu
1. júní 2018	2%	
1. febr. 2019	42,5 þús. kr.	Eingreiðsla m.v. fullt starf

Efling, Samiðn og RSÍ gerðu samning við Reykjavíkurborg þann 13. nóvember með gildistíma 1. maí 2015 til 31. mars 2019 og kveður á um:

Dagsetning	Hækkun	Skýring
1. maí 2015	25 þús.kr. hækkun að lágmarki 7,7%	
1. júní 2016	6%	Hækkun launataxta
1. júní 2017		Ný launatafla tekur gildi
1. júní 2018	3%	
1. feb. 2019	40-49 þús.kr.	Eingreiðsla m.v. fullt starf

Kjarasamningar BSRB og ríkisins

SFR sem er stærsta stéttarfélagið innan BSRB og ríkið undirrituðu kjarasamning 28. október og gildir hann frá 1. október 2015 til loka mars 2019.

Dagsetning	Hækkun	Skýring
1. okt. 2015	25 þús.kr. hækkun að lágmarki 7,7%	Almenn launahækkun.
1. júní 2016	6,5%	
1. júní 2017	4,5%	
1. júní 2018	3%	
1. feb. 2019	55 þús.kr.	Eingreiðsla (m.v. fullt starf).

¹ Reykjavíkurborg semur sér við stéttarfélög starfsmanna borgarinnar nema aðildarfélag KÍ og Landssamband sjúkra- og slökkviliðsmanna.

Kjarasamningar sveitarfélaga og BHM

Samningar milli aðildarfélaga BHM og Sambands íslenskra sveitarfélaga voru undirritaðir 21. mars 2016. Gilda samningarnir frá 1. september 2015 til 31. mars 2019.

Dagsetning	Hækkun	Skýring
1. sept. 2015	7,7%	Almenn launahækkun.
1. júní 2016	6%	
1. júní 2017	3%	
1. maí 2019	58 þús.kr.	Eingreiðsla (m.v. fullt starf).

Þann 1. apríl 2016 hófst innleiðingakerfi fyrir starfsmat aðildarfélaga BHM nema KVH sem tekur gildi 1. júní 2018.

Gerðardómur um BHM og ríkisins

Kjarasamningsviðræðum milli samflotsfélaga innan BHM, 18 talsins, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og ríkisins lyktaði með því að Alþingi setti lög á verkföll þessara félaga þann 12. júní 2015 og skipaði gerðardóm til að kveða á um kaup og kjör félagsmanna. Gerðardómur kvað upp sinn úrskurð 14. ágúst. Gildir gerðardómurinn frá 1. mars 2013 til 31. ágúst 2017.

Dagsetning	Hækkun	Skýring
1. mars 2015	7,2%	Almenn launahækkun.
1. júní 2016	5,5%	
	1,65%	Menntunarákvæði

Kjarasamningur ríkisins og KÍ vegna framhaldskólakennara

KÍ og ríkið undirrituðu kjarasamning 4. apríl 2014 vegna framhaldskólakennara. Gildistími samningsins er frá 1. mars 2014 til 31. október 2016, þó þannig að verði nýtt vinnumat og nýr vinnutímakafla felldur í almennri atkvæðagreiðslu í febrúar 2014 skyldi samningurinn laus án frekari fyrirvara.

Dagsetning	Hækkun	Skýring
1. jan. 2015	2%	Almenn hækkun.
1. feb. 2015		Atkvæðagreiðsla um vinnumat og nýjan vinnutímakafla.
1. maí 2015	8%	Vegna gildistöku vinnumat og nýs vinnutímakafla.
1. jan. 2016	2%	Almenn hækkun.

Í kjölfar kosninga um vinnumat gerðu samningsaðilar nokkrar breytingar á samningnum 1. apríl 2015 þ. á m. um að seinka launahækkun 1. maí 2015 um einn mánuð.

Kjarasamningur sveitarfélaga og KÍ

Kjarasamningur Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga sem gerður var í maí 2014 féll úr gildi 31. maí 2016. Daginn áður gerðu þessir aðilar með sér nýjan kjarasamning. Samningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna með miklum mun.

Samningur KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna leikskólakennara var gerður 26. nóvember 2015. Skilið er á milli félagsmanna sem hafa menntun í leiksskólafræðum og leiðbeinendum sem ekki hafa slíka menntun. Samningstíminn er frá 1. júní 2015 til 31. mars 2019.

Dagsetning	Leikskólakennarar	Leiðbeinendur	Skýring
1. júní 2015	9,5%	55 þús./7,9%	Almenn hækkun.
1. jan. 2016	2%		Almenn hækkun.
1. júní 2016	3,5%	5,5%	Almenn hækkun.
1. júní 2017	3%	3%	Almenn hækkun.
1. júní 2018	3%	3%	Almenn hækkun.

2.2 Launaþróun og launamyndun 2006-2015

Í þessum kafla verður lýst þróun launa þeirra launamanna sem aðild eiga að þeim stéttarfélögum sem mynda heildarsamtök launafólks, ASÍ, BHM, BSRB og þeim skipt enn frekar eftir samningssviðum, almenna markaðnum, ríki og sveitarfélögum. Gagnasafnið sem niðurstöður eru fengnar úr er launarannsókn Hagstofu Íslands og unnið af starfsmönnum þeirrar stofnunar að beiðni Salek. Launarannsókn Hagstofu á almennum vinnumarkaði er grundvölluð á úrtaki fyrirtækja í iðnaði, veitum, samgöngum og flutningum, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu. Niðurstöður fyrir opinbera starfsmenn byggja á heildarsafni frá ríki og úrtaki sveitarfélaga. Eingöngu er byggt á launum fullvinnandi félagsmanna í stéttarfélögum, sem aðild eiga að ASÍ, BSRB, BHM og KÍ, og náð hafa 18 ára aldri. Samræmd gögn Hagstofu Íslands fyrir almenna og opinbera vinnumarkaðinn ná aftur til ársins 2006 og ræðst upphafsár í þessari skýrslu af því. Miðað er við laun í nóvember árin 2006-2015.

Niðurstöður fyrir nóvember 2006-2015 byggja á pöruðum launabreytingum rúmlega 46 þúsund fullvinnandi launamanna sem náð hafa 18 ára aldri. Á milli ára eru um 20 þúsund færslur sem uppfylla skilyrði pörunar, þ.e. að einstaklingur gegni sama starfi hjá sama fyrirtæki í nóvembermánuðum samliggjandi ára. Niðurstöður um ASÍ hópinn byggja á um 1.000 launamönnum sem starfa hjá ríkinu (um 400 á ári), um 2.700 starfandi hjá sveitarfélögum (um 1.000 á ári) og rúmlega 17 þúsund launamönnum sem starfa á almennum vinnumarkaði (6-7 þúsund á ári).

Fjöldi launamanna að baki pöruðum breytingum BHM hópsins hjá ríkinu er tæplega 6.000 (um 2800-3000 á ári) og rúmlega 1.100 hjá sveitarfélögum (250-450 á ári). Fjöldi launamanna í aðildarfélögum BHM hópsins sem starfar á almennum vinnumarkaði er ekki nægur í gagnasafninu til að teljast birtingarhæfur. Hann er þó inni í útreikningum um breytingar á almennum markaði þar sem brotið er niður eftir atvinnugreinum og starfsstéttum.

Niðurstöður paraðra breytinga BSRB hópsins byggja á um 6.500 launamönnum starfandi hjá ríkinu (um 3000 á ári) og rúmlega 3.100 hjá sveitarfélögum (1.500 á ári). Fjöldi félagsmanna BSRB á almennum vinnumarkaði byggja á rúmlega 1.400 pöruðum breytingum (250-700

á ári). Upplýsingar um breytingar BSRB hópsins á almennum vinnumarkaði ná eingöngu aftur til ársins 2008 þar sem of fáar rekstrareiningar eru á bakvið tölurnar fram að því. Fjöldi fullvinnandi launamanna sem tilheyra KÍ hópnunum og niðurstöður byggja á eru um 1.700 hjá ríkinu (um 1.000 á ári) og 5.000 hjá sveitarfélögum (um 2.500 á ári).

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Launa- vísitala
	Alm.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	
2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2007	109,6	105,8	105,1	108,7	108,4	108,3	104,9	107,2	104,0	108,3
2008	117,0	124,7	109,3	123,4	115,3	123,1	110,5	123,0	124,2	116,7
2009	121,7	127,6	127,5	124,3	123,2	124,4	123,9	123,5	129,3	121,4
2010	128,2	134,6	130,9	127,1	125,1	130,3	126,2	124,7	130,8	127,0
2011	137,7	141,8	139,4	135,9	133,9	138,4	133,5	134,0	138,3	138,5
2012	145,6	149,4	146,8	144,1	141,5	145,1	140,1	140,2	144,6	145,4
2013	154,5	165,5	155,5	153,1	148,7	155,2	147,7	146,3	152,0	154,2
2014	163,2	175,1	170,8	162,7	163,7	162,9	160,7	169,6	171,0	164,4
2015	177,6	187,5	177,7	180,3	166,7	176,3	168,5	200,2	186,2	178,6

Tafla 1. Vísitala reglulegra launa í fernum heildarsamtökum og þremur samningssviðum í nóvember 2006 til nóvember 2015. Nóvember 2006=100.

	ASÍ			BHM		BSRB			KÍ		Launa- vísitala
	Alm.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Alm.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	
2006	85,5	80,2	91,5	81,1	86,8		81,2	90,5	81,3	80,5	85,7
2007	93,7	84,9	96,1	88,1	94,1		88,0	94,9	87,1	83,7	92,8
2008	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2009	104,0	102,3	116,6	100,8	106,9	107,3	101,1	112,1	100,4	104,1	104,0
2010	109,5	108,0	119,7	103,0	108,5	111,6	105,9	114,2	101,3	105,3	108,9
2011	117,6	113,7	127,5	110,2	116,2	118,6	112,5	120,8	108,9	111,3	118,7
2012	124,4	119,8	134,3	116,8	122,7	126,9	117,8	126,8	114,0	116,4	124,6
2013	132,1	132,8	142,3	124,1	129,0	133,9	126,0	133,6	118,9	122,4	132,1
2014	139,5	140,4	156,3	131,9	142,0	141,5	132,3	145,4	137,8	137,7	140,8
2015	151,8	150,4	162,5	146,2	144,6	155,4	143,2	152,5	162,8	149,9	153,0

Tafla 2. Vísitala reglulegra launa í fernum heildarsamtökum og þremur samningssviðum í nóvember 2006 til nóvember 2015. Nóvember 2008=100.

Skýrsla þessi ber heitið Í kjölfar kjarasamninga. Rétt er að hafa í huga að nokkrir mikilvægir kjarasamningar innan þeirrar afmörkunar sem hér liggur til grundvallar voru gerðir eftir að gagnatímabili lýkur í nóvember 2015. Mestu skiptir þar kjarasamningar sveitarfélaga, eins og fram kemur í kafla 2.1 og því er þess að vænta að launaþróun á þeim vettvangi virðist hægari en á öðrum samningssviðum. Kjarasamningar sveitarfélaga við BSRB og ASÍ voru með sama hætti það seint á árinu 2015 að áhrifa þeirra gæti vart að fullu í gagnasafninu.

2.1.1 Launamyndun

Kjarasamningar kveða á um lágmarkslaun á hverju sviði og verulegur hluti launamyndunar er utan við hina almennu og miðlægu kjarasamninga. Sá hluti er í mörgum tilvikum einstaklingsbundinn án formlegs skipulags. Á almenna vinnumarkaðnum er í sumum tilvikum um að ræða kjarasamninga milli fyrirtækja og starfsmanna. Stofnanasamningar voru teknir upp hjá ríkinu árið 1997, en þeim var ætlað að segja til um hvernig ákveða skuli dagvinnulaun hvers og eins starfsmanns og eru þannig útfærsla á kjarasamningum. Sveitarfélögin hafa farið aðra leið, en þau tóku upp svo kallað starfsmat um miðjan síðasta áratug. Starfsmatið felur í sér að reynt er að leggja kerfisbundið mat á innihald og einkenni starfa. Matið er síðan nýtt við uppröðun á mismunandi störfum og launasetning þeirra byggt á matinu. Starfsmatið tekur til rúmlega 60% starfsmanna sveitarfélaga, þó ekki kennara og að jafnaði ekki til félagsmanna aðildarfélaga BHM.

Í hverri samningalotu eru gerðir fjölmargir kjarasamningar, t.d. gera Samtök atvinnulífsins um 130 kjarasamninga í hverri lotu, ríkið um 50 og sveitarfélögin um 60. Á undanförunum árum hefur í ríkum mæli verið samið um krónutöluhækkanir, launaþróunartyggingu og ýmis konar tilfærslur milli launaflokka, sem erfitt er að meta til hlutfallshækkana yfir stóra hópa launamanna.

Heildstætt og samræmt kostnaðarmat á samningum liggur ekki fyrir, en í töflu 3 er brugðið upp einfaldri mynd af þróuninni frá 2007. Einföldunin felst í því að í stað kostnaðarmats á samningum er miðað við almennar, lágmarks launahækkanir í prósentum sem um hefur verið samið í kjarasamningum á tólf mánaða tímabili frá nóvember ár hvert. Þessar hækkanir eru bornar saman við hækkun reglulegra launa skv. Hagstofunni. Það sem þá stendur eftir og nefnt er „annað“ í töflunni eru hækkanir vegna krónutöluhækkana, breytinga á launaflokkum, fyrirtækjasamninga, starfsaldurshækkana, og annarra einstaklingsbundinna launahækkana. Að auki geta breytingar á bónusum og vaktáálögum haft áhrif á hækkanir einstakra hópa á milli ára. Í allmörgum samningum var ekki um að ræða almennar lágmarks launahækkanir í prósentum og í þeim tilvikum eru eyður í töflunni. Nokkrir kjarasamningar voru gerðir í vetrarbyrjun 2015 og umsamdra upphafshækkana gætir að líkindum ekki eða að óverulegu leyti í tölum um launaþróun frá nóvember 2014 til 2015. Þetta á einkum við um samninga sveitarfélaganna við viðsemjendur sína, aðra en KÍ.

		ASÍ			BHM		BSRB			KÍ	
		Alm.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Alm.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.
2010	Almenn**	2,50									
	Annað	2,81	5,69	2,63	2,18	1,71	4,01	5,07	1,62	0,92	1,11
	Samtals	5,31	5,69	2,63	2,18	1,71	4,01	5,07	1,62	0,92	1,11
2011	Almenn**	4,25	4,25		4,25	4,25		4,25	4,25		
	Annað	3,08	1,21	6,68	2,66	3,09	6,30	1,89	1,97	7,47	5,75
	Samtals	7,33	5,46	6,68	6,91	7,34	6,30	6,14	6,22	7,47	5,75
2012	Almenn**	3,50	3,50		3,50	3,50		3,50	3,50	3,25	
	Annað	2,28	1,94	5,01	2,78	1,63	6,97	1,24	1,43	1,43	4,60
	Samtals	5,78	5,44	5,01	6,28	5,13	6,97	4,74	4,93	4,68	4,60
2013	Almenn**	3,25	3,25		3,25	4,40		3,25	3,50	3,25	
	Annað	2,88	7,54	5,90	3,03	0,73	5,50	3,73	1,90	1,07	5,10
	Samtals	6,13	10,79	5,90	6,28	5,13	5,50	6,98	5,40	4,32	5,10
2014	Almenn**	2,80	2,80		3,65		2,80	2,80		13,70	
	Annað	2,81	2,94	9,84	2,65	10,06	2,85	2,20	8,82	2,21	12,48
	Samtals	5,61	5,74	9,84	6,30	10,06	5,65	5,00	8,82	15,91	12,48
2015	Almenn**		9,90		9,80		7,20	7,70	7,70	20,00	11,70
	Annað	8,82		4,00	1,02	1,83	2,66	0,49			
	Samtals	8,82	7,13	4,00	10,82	1,83	9,86	8,19	4,85	18,09	8,91

Tafla 3. Launamyndunin: Skipting hækkana reglulegra launa milli almennra, lágmarks hlutfallshækkana launa í kjarasamningum og annarra þátta.

* Eyður í töflunni skýrast af því að ekki var um að ræða almennar lágmarks hlutfallshækkunar launa heldur krónutöluhækkunar launataxta í flestum tilvikum.

** Almenn lágmarks hlutfallshækkun í kjarasamningum.

Rétt er að nefna að hluti af almennum hækkunum framhaldsskólakennara er vegna tíma- bundinnar tengingar við launaþróun BHM.

2.2.2 Launaþróun einstakra heildarsamtaka og samningssviða 2006-2015

Skilgreiningar hugtaka í launarannsóknum Hagstofu Íslands

Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu, vaktavinnu, og yfirvinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnuskyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hlutastarfi. Dagvinnuskylda er mismunandi eftir kjarasamningum, til dæmis er dagvinnuskylda verkafólks oftast 173,3 klukkustundir á mánuði en skrifstofufólks 162,5 klukkustundir.

Regluleg laun eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldar í þessum launum eru hvers konar álags-, bónus- og kostnaðargreiðslur án tilfallandi yfirvinnu sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Við útreikninga er ekki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna.


Reglulegt tímakaup eru regluleg laun (hvort sem er dagvinna eða vaktavinna) á hverja greidda klukkustund.

Hreint tímakaup eru laun fyrir dagvinnu á hverja greidda klukkustund, án bónusa og álaga.


Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum, veikindalaunum og fyrirframgreiðslu vegna uppmælinga. Ekki er tekið tillit til uppgjors vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Launþróun félagsmanna stéttarféлага innan ASÍ

Í mynd 8 og næstu myndum er launavísitalan sýnd í gulum lit í bakgrunni. Launþróun félagsmanna stéttarféлага innan ASÍ fellur nær allveg saman við þróun launavísitölu, enda vegur þessi hópur þungt í vísitöluinni. Af einstökum heildarsamtökum og samningssviðum hafa laun félagsmanna aðildarféлага ASÍ sem starfa hjá ríkinu hækkað mest á öllu tímabilinu. Um er að ræða 87,5% hækkun frá nóvember 2006 til nóvember 2015. Annars vegar skýrist þetta af því að laun þessa hóps hækkuðu um 18% milli 2007 og 2008, vegna hækkunar launataxta um 20.300 kr. í maí 2008 og loks hækkanir á árinu 2013. Kjarasamningar milli stéttarféлага innan ASÍ og sveitarfélaganna voru gerðir síðar og komu krónutöluhækkanirnar þ.a.l. síðar til framkvæmda, eða í desember 2008.




Mynd 8. Vísitala reglulegra launa félagsmanna aðildarféлага ASÍ




Mynd 9. Breyting reglulegra launa félagsmanna aðildarféлага ASÍ frá fyrra ári.

Launapróun félagsmanna stéttarféлага innan BHM

Þegar litið er til alls tímabilsins 2006 til 2015 kemur í ljós að laun félagsmanna í aðildarfélögum BHM hjá ríkinu hafa þróast í stórum dráttum í hátt við launavísitölu. Helsta frávikkið felst í kjarasamningsbundnum hækkunum árin 2008 hjá ríkisstarfsmönnum í BHM félögum. Árin 2012 og 2013 hækkuðu laun BHM félagsmanna hjá sveitarfélögum ívið minna en hjá ríkinu, en það jafnaðist með launahækkun þeirra á árinu 2014. Minni hækkun frá 2014 og 2015 skýrist af því að kjarasamningar við þann hóp voru ekki gerðir fyrir en í mars 2016 og gæti því ekki í þessum tölum.




Mynd 10. Vísitala reglulegra launa félagsmanna aðildarféлага BHM.




Mynd 11. Breyting reglulegra launa félagsmanna aðildarféлага BHM frá fyrra ári.

Launapróun félagsmanna stéttarféлага innan BSRB

Frá nóvember 2006 til jafnlengdar 2015 hækkuðu laun félagsmanna stéttarféлага innan BSRB um 68,5% hjá sveitarfélögum og töluvert meira hjá ríkinu, eða um 76,3%. Samanburður við þróun launavísitölu leiðir í ljós að laun BSRB féлага hjá ríkinu hafa haldið í við launavísitölu á því tímabili sem til grundvallar liggur, en félagar þeirra sem starfa hjá sveitarfélögnum hafa dregist aftur úr.




Mynd 12. Vísitala reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga BSRB.




Mynd 13. Breyting reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga BSRB frá fyrra ári.

Launapróun félagsmanna stéttarfélaga innan KÍ

Mynd 14 sýnir uppsafnaða hækkun launa félagsmanna aðildarfélaga í KÍ í grunn-, leik- og tónlistarskólum (sveitarfélög) annars vegar og framhaldsskólum (ríki) hins vegar. Þegar launapróunin er rakin frá 2006 til 2015, kemur í ljós að laun félagsmanna í KÍ hafa hækkað umtalsvert umfram launavísitölu. Fyrst og fremst skýrist það af mun meiri hækkunum en aðrir fengu milli árána 2013 og 2015. Á hinn bóginn hækkuðu laun kennara minna en nemur launavísitölu á árabílinu 2010 til 2013 og kennarar, einkum í framhaldsskólum, drógust nokkuð aftur úr öðrum. Laun framhaldsskólakennara hækkuðu um 18% milli 2014 og 2015 eða tvöfalt meira en launavísitalan.



Mynd 14. Vísitala reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga KÍ.




Mynd 15. Breyting reglulegra launa félagsmanna aðildarfélaga KÍ frá fyrra ári.

2.2.3 Launapróun karla og kvenna 2006-2015


Í þessum kafla er dregin upp launapróun eftir kynjum, heildarsamtökum og samningssviðum. Sú mynd sem hér er dregin upp um þróun reglulegra launa gefur til kynna að launamunur kynja hafi minnkað á því tímabili sem hér er lagt til grundvallar og er það í hátt við rannsóknir á launamun kynjanna, sjá t.d. skýrslu Aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna, Launamunur karla og kvenna, sem út kom í maí 2015.

Tölur eru settar fram þannig að launavísitölu karla á hverju ári er deilt upp í launavísitölu kvenna og margfaldað með 100. Þannig fæst vísitala sem tekur gildi hærra en 100 á tilteknu ári ef uppsöfnuð launahækkun kvenna er meiri en karla. Þannig má túlka töluna 106 fyrir almenna markaðinn í mynd 16 að regluleg laun kvenna í aðildarfélögum ASÍ hafi hækkað um 6% meiri en laun karla frá nóvember 2006 til nóvember 2015.


Niðurstaðan er sú að í öllum heildarsamtökum og samningssviðum hafa laun kvenna hækkað meira en karla á tímabilinu nóvember 2006 til nóvember 2015, nema hjá grunnskólakennurum. Þessa gætti mest hjá konum í aðildarfélögum ASÍ sem starfa hjá ríkinu, sem hækkuðu um 15,4% meira en karlar og má rekja þá þróun einkum til breytinga frá 2014 til 2015.




Mynd 16. Þróun regluleg laun kvenna umfram karla í aðildarfélögum ASÍ.



Mynd 17. Þróun laun kvenna umfram karla í aðildarfélögum BHM.



Mynd 18. Þróun laun kvenna umfram karla í aðildarfélögum BSRB.





Mynd 19. Þróun launa kvenna umfram karla í aðildarfélögum KÍ.

2.3 Launabreyting og launadreifing 2013-2015

Á mynd 20 eru teknar saman launahækkunir frá 2013 til 2014 og frá 2014 til 2015 í einstökum heildarsamtökum og samningssviðum. Miðað er við tvenns konar skilgreiningu launa. Í efri hluta myndarinnar er reglulegt tímakaup lagt til grundvallar, eins og í annarri umfjöllun um laun í þessari skýrslu. Í neðri hlutanum er hins vegar notað hreint tímakaup, en í því launahugtaki eru álög og bónusar ekki meðtaldir, eins og fram kemur í skilgreiningum á bls. 16. Síðarnefnda hugtakið er betri mælikvarði á launabreytingar sem leiða má af kjarasamningum. Til reglulegra launa í úrvinnslu Hagstofu heyra auk tímakaups í dagvinnu reglulegar greiðslur vegna álags-, bónus- og kostnaðargreiðslur. Af þessum sökum getur reglulegt tímakaup sveiflast nokkuð til frá einum tíma til annars í einstökum starfsstéttum. Dreifing á launabreytingum er minni þegar hreint tímakaup er lagt til grundvallar í stað reglulegs tímakaups, einkum vegna þess að útgildum fækkar mjög.

Allmikill munur er á launahækkunum frá 2013 til 2015 og mest launahækkun hjá KÍ-ríki (framhaldsskólakennarar) og minnst hjá BSRB-ríki. Meiri breytileiki í launahækkunum er á milli samtaka og sviða frá 2013 til 2015 en mörg undanfarin ár.





Mynd 20. Breyting reglulegs tímakaups (RTK) og hreins tímakaups (HTK) 2013 til 2015

2.3.1 Dreifing launabreytinga frá nóvember 2014 til jafnlengdar 2015


Í þessum kafla er greind dreifing breytinga á launum frá nóvember 2014 til jafnlengdar 2015 eftir samtökum launafólks og viðsemjendum þeirra með sama hætti og annars staðar í skýrslunni. Hafa verður í huga að launahækkunarir sem samið hefur verið um í undanförunum kjarasamningum eru ekki að fullu komnar fram á þessu tímabili, svo sem áður er nefnt.

Í meðfylgjandi myndum (númer 21 til 30) er sýnt hlutfall launamanna sem fengið hafa launahækkun á tilteknu bili. Þannig má t.d. lesa af efri hluta 21. myndarinnar að reglulegt tímakaup 10% launamanna sem eru félagar í aðildarfélögum ASÍ og starfa á almennum markaði hækkaði á milli 6 og 7%.


Að meðaltali hækkuðu regluleg launfélaga í aðildarfélögum ASÍ á almennum markaði um 8,8% frá nóvember 2014 til 2015. Mynd 21 sýnir að launahækkunarir milli 2014 og 2015 dreifast allmikið. Að hluta má rekja þetta til þessa að eina almenna umsamda launahækkunin á árinu 2015 til þessa hóps var í formi krónutöluhækkunar á launataxta, en slík hækkun mælist misþungt til hlutfallslega breytinga eftir launum. En þessu til viðbótar kváðu samningar á um launaþróunartryggingu fyrir launamenn sem taka laun yfir launatöxtum, sem var á bilinu 3,2-7,2% eftir fjárhæð launa.

Laun rúmlega fimmtungs launamanna (21,5%) á þessu samningssviði hækkuðu á bilinu 5-7%. Myndin er skýrari þegar hreint tímakaup er skoðað. Almennt er dreifing launahækkana minni og færri útgildi, þ.e. mjög miklar eða litlar launabreytingar, í dreifingunni. Laun rösklega helmingis hópsins (52%) hækkuðu á því bili sem svarar til almennrar hækkunar og meðalhækkunin hópsins var 5,2% sem er nánast sama hækkun á reglulega tímakaupinu.

ASÍ Almenni. Reglulegt tímakaup




ASÍ Almenni. Hreint tímakaup




Mynd 21. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups(RTK) og hreins tímakaups (HTK) ASÍ á almennum markaði frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

Reglulegt tímakaup félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ sem starfa hjá ríkinu hækkuðu að meðaltali um rösk 7%. Dreifing launahækkana er nokkuð önnur en á almenna markaðnum og 22% launamanna á þessu samningssviði fengu hækkun á milli 7 og 10%. Dreifing breytinga á hreinu tímakaupi er með nokkuð öðru sniði eins og sjá má á mynd 23, en þar kemur fram að hreint tímakaup um þriðjungs þessa hóps hækkaði á bilinu 9-10%. Eins og fram kemur í kafla 2.1 voru samningar á milli ríkisins og ASÍ ekki gerðir fyrr en 20. október 2015. Viðbúið er að samninganna gæti ekki að fullu í þessum tölum og má ætla að það endurspegli að laun tiltölulega margra hækka ekkert eða nánast ekkert, því eins og sjá má af myndinni eru allstórir hópar með launabreytingu á bilinu 0-1%.

ASÍ Ríki. Reglulegt tímakaup




ASÍ Ríki. Hreint tímakaup




Mynd 22. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups (RTK) og hreins tímakaups (HTK) ASÍ hjá ríki frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

Mynd 23 sýnir dreifingu launabreytinga félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum. Að meðaltali hækkuðu laun þessa hóps um 4% sem er töluvert minna en félaga þeirra á almenna markaðnum og hjá ríkinu, en það skýrist m.a. af því að kjarasamningar voru ekki gerðir fyrir en í nóvember og gætir áhrifa þeirra væntanlega ekki í þessum tölum. Tíðasta hækkunin er, eins og myndin sýnir, á bilinu 5-6% en að auki stóð tímakaup allmargra í stað milli ára.

ASÍ Sveitarfélög. Reglulegt tímakaup




ASÍ Sveitarfélög. Hreint tímakaup




Mynd 23. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups (RTK) og hreins tímakaups (HTK) ASÍ hjá sveitarfélögum frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

Reglulegt tímakaup ríkisstarfsmanna í aðildarfélögum BHM hækkaði um 10,8% á viðmið-unartímabilinu. Efri hluti myndar 24 sýnir að tíðasta hækkun reglulegs tímakaups hjá þessum hóp var á bilinu 9-11%, um 40% fengu launahækkun á því bili. Úrskurður gerðardómsins fól í sér almenna launahækkun um 7,2% um mitt ár 2015 auk breytinga á launatöflum ofl.

BHM Ríki. Reglulegt tímakaup




BHM Ríki. Hreint tímakaup




Mynd 24. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups (RTK) og hreins tímakaups (HTK) BHM hjá ríki frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

Mynd 25 greinir dreifingu launabreytinga hjá starfsmönnum sveitarfélaga í aðildarsamtökum BHM. Mikilvægt er að hafa hér í huga að kjarasamningar þessara aðila voru ekki gerðir fyrir í apríl sl. og hefur hann því ekki áhrif á þann samanburð sem hér er gerður. Að meðaltali hækkaði reglulegt tímakaup þessa hóps um 1,8%. Tíðasta launabreytingin er milli 0 og 1%.

BHM Sveitarfélög. Reglulegt tímakaup




BHM Sveitarfélög. Hreint tímakaup




Mynd 25. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups(RTK) og hreins tímakaups (HTK) BHM hjá frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

Starfsmenn á almennum vinnumarkaði sem eru félagsmenn í aðildarfélögum BSRB eru fyrst og fremst þeir sem starfa hjá opinberum hlutafélögum (ohf.). Reglulegt tímakaup þessa hóps hækkaði að meðaltali um 9,9%. Tíðasta hækkunin er á milli 9-10%. Þegar hreint tímakaup þessa hóps er skoðað kemur í ljós töluvert önnur mynd og útgildum fækkar mjög, þótt meðalhækkun sé sú sama.

BSRB Almenni. Reglulegt tímakaup




BSRB Almenni. Hreint tímakaup




Mynd 26. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups(RTK) og hreins tímakaups (HTK) BSRB á almennum markaði frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

Reglulegt tímakaup félagsmenn BSRB sem starfa á hjá ríkinu hækkaði að meðaltali um 10,8%, hreint tímakaup ívið minna eða 10,2%. Tíðasta hækkunin er milli 9 og 10%, laun tæplega þriðjungs hækkar um þá hlutfallstölu.

BSRB Ríki. Reglulegt tímakaup




BSRB Ríki. Hreint tímakaup




Mynd 27. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups (RTK) og hreins tímakaups (HTK) BSRB hjá ríkinu frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

Samningar BSRB félaga við sveitarfélögin voru ekki gerðir fyrr en undir lok nóvembermánaðar og gætir því áhrifa samninganna lítt í þessum tölum. Að meðaltali hækkaði reglulegt tímakaup þessa hóps um 4,8% og hreint tímakaup um svipað hlutfall. Mun meiri dreifing er á launabreytingum hópsins en félaga þeirra hjá ríkinu.

BSRB Sveitarfélög. Reglulegt tímakaup




BSRB Sveitarfélög. Hreint tímakaup




Mynd 28. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups (RTK) og hreins tímakaups (HTK) BSRB hjá sveitarfélögum frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

Sem fyrr segir hækkuðu laun félaga í aðildarfélögum KÍ mun meira en aðrir hópar milli 2014 og 2015. Reglulegt tímakaup framhaldsskólakennara hækkuðu þannig um 18,1% og hreint tímakaup um sama hlutfall. Tæpur helmingur þeirra fengu meira en 20% hækkun.

KÍ Ríki. Reglulegt tímakaup




KÍ Ríki. Hreint tímakaup




Mynd 29. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups (RTK) og hreins tímakaups (HTK) félagsmanna KÍ hjá ríki frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

Meðalhækkun kennara hjá sveitarfélögum var um 8,9%. Dreifing launahækkana í mynd 30 tekur mið af því að um fimm ólíka kjarasamninga að ræða, en laun um þriðjungs þeirra hækkað milli 11 og 12%.

KÍ Sveitafélög. Reglulegt tímakaup



KÍ Sveitarfélög. Hreint tímakaup



Mynd 30. Dreifing breytinga reglulegs tímakaups (RTK) og hreins tímakaups (HTK) félagsmanna aðildarfélagi KÍ hjá sveitarfélögum frá nóvember 2014 til nóvember 2015.

2.3.2 Launadreifing í nóvember 2015

Regluleg laun félagsmanna aðildarfélagi ASÍ hjá sveitarfélögum eru að jafnaði lægst, voru 291 þús.kr. á nóvembermánuði 2015, og regluleg heildarlaun þeirra jafnframt lægst, eða 314 þús.kr. Á hinn bóginn eru regluleg laun ríkisstarfsmanna í BHM hæst að meðaltali, 552 þús.kr. á mánuði. Tafla 6 sýnir greiddar vikulegar vinnustundir og þar kemur fram að vinnustundir framhaldsskólakennara voru mun fleiri en annarra hópa í nóvember 2015, að meðaltali 47,5 stundir. Vegna þessa voru heildarlaun KÍ í nóvember hærri en annarra hópa, eða 717 þús.kr. Þetta gefur hins vegar ekki vísbendingu um meðalmánaðarlaun kennara, þar sem yfirvinnu fá kennarar greidda eingöngu þá mánuði sem skólar starfa.

Greining á bak við töflur 4 og 5 er gerð þannig að launafólki er raðað í vaxandi röð eftir fjárhæð launa. Síðan er hópnun skipt í jafna hópa, annað hvort í 10 jafna hópa og fást þá tíundir eða í 4 hópa og fást þá fjórðungar. Í fyrstu línunni í töflu 4 eru meðallaun eftir heildarsamtökum og samningssviði. Þar fyrir neðan er 10% línán, en 10% launafólksins er með lægri laun en þær fjárhæðir sem þar standa. Með sama hætti sýna neðri fjórðungsmörk, 75% og 90% mörkin hversu hátt hlutfall launafólks er undir þeim fjárhæðum sem standa í línunni.

Helmingur hópsins er með lægri laun en miðgildi og helmingur hærri. Í launadreifingum er meðaltal jafnan hærri en miðgildi og eftir því sem dreifingin er ójafnari verður munurinn meiri. Vísbendingu um hversu launadreifingin er jöfn eða ójöfn má finna með því að greina hversu margir hafa laun sem eru lægri en meðallaun, eins og gert er í neðstu línunum í töflunum. Háar hlutfallstölur bera merki um litla launadreifingu, en lágar um mikla dreifingu.

Í síðustu dálkum taflna 4 og 5 er sýnd launadreifing félagsmanna í öllum samböndunum hjá ríkinu og sveitarfélögum. Regluleg laun eru að meðaltali nær 20% hærri hjá ríkinu en sveitarfélögum og regluleg heildarlaun um 30% hærri.

	ASÍ			BHM		BSRB			KÍ		Öll sambönd	
	Alm.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Alm.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.
Meðaltal	428	359	291	552	489	467	403	359	542	460	482	403
10%	284	278	239	416	371	273	307	261	479	375	323	263
25%	324	302	256	474	409	310	341	291	503	422	378	309
50%	390	332	271	536	460	400	391	334	533	456	478	411
75%	478	366	309	622	523	527	455	401	565	494	553	469
90%	595	424	377	728	644	736	516	483	611	533	646	521
Hlutfall undir meðaltali	63%	72%	68%	56%	63%	66%	56%	61%	62%	56%	51%	48%

